

5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmanneyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 23,5% sölugjald, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1982 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 128 1. mars 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
- 1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 1,90 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum. Orkugjald 1,38 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 1,54 kr/kWh.
- 3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 0,48 kr/kWh.
Aflgjald 1 328,00 kr/kW á ári.

4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag:
Orkugjald 0,70 kr/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst. á dag.
Orkugjald 0,27 kr/kWh.
- 4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 1,00 kr/kWh.
- 4.4 Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 0,30 kr/kWh.
- Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 111,00
Orkumælir, þrífasa	kr. 264,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr. 450,00
Aflmælir	kr. 432,00
Aflmælir með straumspennum	kr. 684,00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna:

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	6 860,00	225,00	1 830,00
3 × 63	7 440,00	225,00	3 150,00
3 × 100	11 780,00	340,00	4 010,00
3 × 200	23 260,00	565,00	
3 × 315	37 070,00	660,00	
3 × 400	47 110,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	83 580,00	—	
3 × 1200	141 250,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennni eða heimtaug vegna tiltekens notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekens notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63A kr. 1 520,00 3 × 63A kr. 2 045,00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 100,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkadur upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 129 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitna Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I. RAFORKA.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir: